

## Reglur um afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi

Selfossi, janúar 2018

Reglur um afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi til elli- og örorkulífeyrisþega.

### 1. gr.

Fasteignaskattur og fráveitugjald af íbúðarhúnæði í eigu tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega í Sveitarfélaginu Árborg, sem þeir nýta sjálfir, skal lækkaður eða felldur niður samkvæmt heimild í 4.mgr. 5.gr. laga nr.4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

### 2. gr.

Við ákvörðun lækkunar eða niðurfellingar fasteignaskattsins skulu notaðar eftirfarandi viðmiðunarreglur:

[2]

<b>Tekjur einstaklinga</b>		<b>Lækkun</b>	<b>Tekjur hjóna</b>		<b>Lækkun</b>
Allt að	4.344.266	100%	Allt að	5.754.741	100%
Allt að	4.861.849	75%	Allt að	6.551.964	75%
Allt að	5.376.975	50%	Allt að	7.346.746	50%
Allt að	5.879.846	25%	Allt að	8.143.959	25%

[2. mgr. 2. gr. Viðmiðunartekjur eru heildartekjur umsækjanda, þ.e. tekjur sem mynda álagningarstofn tekjuskatts-, útsvars og fjármagnstekjuskatts, eins og þessar tekjur voru skv. álagningu skattstjóra ári á undan álagningarári.

Viðmiðunarfjárhæðirnar skulu framreiknaðar árlega með tilliti til breytinga á launavísitölu frá upphafi til loka þess tekjuárs sem miðað er við hverju sinni.

Samþykkt í bæjarráði desember 2013 ]

### 3. gr.

Við fráfall maka/sambýlismanns tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega er eftirlifandi maka með tekjur allt að 2.796.116 krónur á ári heimilt að sækja um sérstakan afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi af húsnaði sem hann býr í. Tekjuviðmið eru þau sömu og í 2. gr.

Lækkun samkvæmt 3. gr. getur ekki orðið meiri en helmingur fasteignaskatts og fráveitugjalds eins og þau gjöld eru ákveðin eftir lækkun samkvæmt reglum 2. gr. um tekjuviðmið.

### 4. gr.

[Aðilar sem falla undir tekjuviðmið skv. 2.gr. fá rétt til lækkunar fasteignaskatts frá og með þeim tíma er þeir hefja töku elli – eða örorkulífeyris.]<sup>1</sup>

### 5. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 og 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005.

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarstjórn Árborgar 18.05.2006.

<sup>1</sup> Breytingar samþykktar í bæjarráði Árborgar 29.12.2006 og í bæjarstjórn Árborgar 10. janúar 2007.

<sup>2</sup> Uppreiknaðar fjárhæðir skv. breytingum á vísitölu janúar 2015.